# AUGLÝSING

**um umferð í Vesturbyggð.**

*Lækkun hámarkshraða á Patreksfirði og Bíldudal.*

Bæjarstjórn Vesturbyggðar hefur í samræmi við 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á Vestfjörðum ákveðið lækkun á hámarkshraða á Bíldudal og Patreksfirði. Umferðarhraði verði færður úr 35 km/klst. niður í 30 km/klst. á öllum götum á Bíldudal frá rimlahliði við innkomu í bæinn af Bíldudalsvegi, að rimlahliði við gatnamót Lönguhlíðar og Tjarnarbrautar við Ketildalaveg.

Einnig lækkar hraði á öllum götum á Patreksfirði að undanskilinni Strandgötu, frá gatnamótum Aðalstrætis og Strandgötu við Bíldudalsveg, að leikskólanum Arakletti við Strandgötu 21, þar sem áfram verður 50 km/klst. hámarkshraði.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Vesturbyggð, 27. júní 2025.*

**Gerður Björk Sveinsdóttir** bæjarstjóri.

---

B deild - Útgáfudagur: 8. júlí 2025